Sþ. **626. Nefndarálit** [172. mál]

um till. til þál. um sérstaka framkvæmdaáætlun fyrir Norðurlandskjördæmi vestra.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft þessa tillögu til athugunar og leitað umsagnar viðkomandi aðila. Telur nefndin rétt, að umrædd framkvæmdaáætlun verði gerð í samráði við Fjórðungssamband Norðlendinga. Mælir nefndin með, að tillagan verði samþykkt svo

BREYTT:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela Framkvæmdastofnun ríkisins að gera, í samráði við Fjórðungssamband Norðlendinga, sérstaka framkvæmdaáætlun fyrir Norðurlandskjördæmi vestra vegna hins mikla og stöðuga atvinnuleysis í kjördæminu.

Alþingi, 25. apríl 1972.

Gísli Guðmundsson, form.	Stefán Gunnlaugsson, frsm.	Lárus Jónsson.
Ingólfur Jónsson.	Björn Fr. Björnsson.	Jónas Árnason.